

2341. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 15. janúar 2026 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason

Á Teams:

Börkur Edvardsson
Tinna Hrund Hlynisdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Forföll:

Engin

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson sviðsstjóri markaðssviðs sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2340). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Þrjár fundargerðir nefnda lagðar fram:
 - i. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 12. janúar þar sem fjallað var um þátttökugjöld og ferða- og upphaldskostnað dómara.
 - ii. Fyrsta fundargerð 2026 hjá dómaranefnd þar sem m.a. var fjallað um undirbúning komandi keppnistímabils, hagnýt atriði, kjaramál og fleira.
 - iii. Fundargerð mótanefndar - 10. fundur starfsársins - þar sem m.a. var fjallað um þátttöku félaga, stöðu á niðurröðun, og fyrirkomulag móta yngri flokka.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson formaður ÍTF flutti fréttir af vettvangi samtakanna. Heimir vildi koma því á framfæri að mikil ánægja væri innan ÍTF með nýja skrifstofu samtakanna í húsakynnum KSÍ og afar jákvætt væri að starfsemi ÍTF og KSÍ sé sameinuð undir einu þaki. Innan ÍTF hefur nokkuð mikið verið fjallað um tillögur fjárhagsnefndar til stjórnar KSÍ um þátttökugjöld og ferða- og upphaldskostnaðar dómara vegna fjárhagsáætlunar 2026. ÍTF vinnur um þessar mundir í markaðs- og réttindamálum fyrir komandi ár, m.a. er samtal við Sýn um áframhaldandi sjónvarpsréttarsamning eftir 2026 komið af stað. Aðalfundur ÍTF verður haldinn í aðdraganda ársþings KSÍ - nákvæm dagsetning liggur ekki fyrir.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir ýmis verkefni og viðburði sem hafa verið í deigluinni síðustu vikur og verkefni komandi vikna og mánaða. Nýtt skipurit tók gildi um áramót og breytingar hafa verið í starfsmannamálum. Undirbúningur ársþings KSÍ, sem haldið verður á Egilsstöðum 28. febrúar, er í fullum gangi og m.a. hefur verið

skipaður starfshópur sem fjallar um ferðakostnað félaga, sem er umræðuefni málþings sem haldið verður degi fyrir komandi ársþing. Fyrsta knattspyrnumóti ársins hjá meistaraflokkum er lokið, en það var Íslandsmót meistaraflokks karla í Futsal, þar sem KM hampaði Íslandsmeistaratitli. Íslandsmót meistaraflokks kvenna í Futsal fór fram í nóvember síðastliðnum og þar voru það Selfyssingar sem fögnuðu sigri. *Stjórn KSÍ óskar báðum félögum til hamingju með árangurinn.* Eysteinn kom aðeins inn á vörumerkjamál KSÍ, fjallaði stuttlega um innleiðingu COMET-mótakerfisins og vinnu við nýjan vef KSÍ og smáforrit, og fjallaði loks um þau verkefni sem eru framundan hjá A landsliðum í febrúar og mars. A landslið karla mætir Mexíkó í lok febrúar þar sem uppistaða leikmannahópsins verða væntanlega leikmenn úr Bestu deildinni, og KSÍ ber ekki kostnað af verkefninu. Þá leikur A landslið karla einnig tvo vináttuleiki í mars. A landslið kvenna hefur keppni í Þjóðadeild UEFA í mars með útileikjum við Evrópumeistara Englands og heimsmeistara Spánar.

4. Fjármál.

- a. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri kynnti styrkjakerfi UEFA og FIFA fyrir knattspyrnusambönd (UEFA Hattrick og FIFA Forward) og tekjur KSÍ frá UEFA vegna sölu markaðs- og sjónvarpsréttinda fyrir A landslið karla og fór yfir helstu verkefni KSÍ sem eru fjármögnuð að hluta eða í heild sinni með fjármagni frá UEFA og FIFA. Margir stjórnarmenn lögðu fram spurningar og voru Bryndís og Eysteinn framkvæmdastjóri til svara.
- b. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ og Ingi Sigurðsson formaður fjárhagsnefndar kynntu uppfærða tillögu fjárhagsnefndar til stjórnar KSÍ um leiðrétt þátttökugjöld og ferða- og uppihaldskostnað dómara vegna fjárhagsáætlunar 2026. Ingi fór ítarlega yfir ýmis atriði og greininguna á bak við tillögurnar. Stjórnarmenn ræddu tillögurnar og ýmislegt þeim tengt ítarlega og skiptust á skoðunum, en voru sammála um þær forsendur sem greiningin byggði á. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögu fjárhagsnefndar.*

Bókun fulltrúa ÍTF (Heimir Fannar):

ÍTF þakkar fyrir gott samstarf við KSÍ um leiðréttingar á mótagjöldum og uppihalds- og ferðakostnaði dómara. Samskiptin hafa verið mikil og ítarleg þar sem meðal annars starfshópur fékk góðan aðgang að gögnum og kom með sínar tillögur til KSÍ.

ÍTF lýsir áhyggjum sínum af auknum kostnaði á íslensk knattspyrnufélög sem fellur til m.a. vegna ferða- og mótakostnaðar. Í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga er hins vegar mikilvægt að tryggja rekstrargrundvöll knattspyrnusambandsins og þeirra verkefna sem sambandið stendur frammi fyrir og snúa að íslensku mótahaldi og landsliðsverkefnum. Á bakvið það stendur knattspyrnuhreyfingin sameinuð.

5. Móta- og dómaramál.

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir ýmis mótamál, m.a. minnisblað frá mótanefnd um bikarkeppni KSÍ þar sem fjallað er um hvort eðlilegt og sanngjarnt sé að bikarmeistarar fyrra árs þurfi að hefja keppni í forkeppni næsta árs, leiki liðið ekki í efstu deild Íslandsmóts. *Stjórn KSÍ samþykkti að þessu verði breytt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og vísaði tillögunni til laga- og leikreglanefndar til nánari útfærslu.*
- b. Halldór Breiðfjörð dómarnefndarmaður fór stuttlega yfir nokkur atriði tengd dómaramálum. Undirbúningur sumarsins er í fullum gangi og framundan í janúar er

landsdómararáðstefna.

6. Ímyndarrannsókn - Kynning á niðurstöðum

- a. Ómar Smáráson sviðsstjóri markaðssviðs KSÍ kynnti stöðu og helstu niðurstöður rannsóknar sem unnin er af hollenska fyrirtækinu Blauw fyrir KSÍ í samstarfi við UEFA. KSÍ hefur síðustu ár verið hluti af þróunarverkefni hjá UEFA, ásamt fleiri knattspyrnusamböndum, þar sem ýmsir þættir sem tengjast starfi og starfsumhverfi knattspyrnusambanda eru kannaðir - s.s. ímynd og skoðun, þátttaka og virkni. Kynntar voru niðurstöður úr seinni bylgju ársins 2025. Árið 2026 verða einnig keyrðar tvær bylgjur. Helstu niðurstöður hvors árs verða birtar í útgefinni ársskýrslu KSÍ í tengslum við ársþing sambandsins og jafnframt munu niðurstöðurnar nýtast í stefnumótunarvinnu KSÍ.

7. Laugardalsvöllur

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir nokkur atriði tengd Laugardalsvelli og rekstri hans, m.a. samskipti við Reykjavíkurborg vegna rekstrarsamnings og annarra mála. Þá fór Ingi Sigurðsson yfir mál sem verða rædd á næsta fundi hjá Þjóðarleikvangi ehf. Þorvaldur formaður fór yfir stöðu mála varðandi skólaþorpið sem er risið á bílastæði vallarins, aðgengismál og fleira. Vonast er til að vinna við næsta áfanga í uppfærslu og endurbótum á Laugardalsvelli (aðstaða keppenda og fjölmiðla) geti hafist á árinu.

8. Önnur mál.

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir ýmis hagnýt atriði tengd komandi ársþingi KSÍ sem verður haldið á Egilsstöðum 28. febrúar næstkomandi.
- b. Rætt um mannvirkjamál og flóðlýsingu á keppnisvöllum félaga.

Fundi slitið kl. 18:18.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir 29. janúar og 13. febrúar.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson